



Alþingi
Erindi nr. P 139/594
komudagur 1.12.2010

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2010

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum, 139. löggjafarþing 2010 – 2011, þingskjal nr. 298 – 256. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra. Frumvarpinu er ætlað að koma í framkvæmd samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna um yfirfærslu faglegrar og fjárhagslegrar ábyrgðar á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaganna. Flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga varðar um 2.500 einstaklinga sem þurfa þjónustu vegna fötlunar sinnar og um 1.500 starfsmenn í rúmlega þúsund stöðugildum sem annast þjónustuna.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpinu og því að eftir yfirfærsluna mun eitt stjórnarsýslustig bera ábyrgð á stærstum hluta almennrar félagsþjónustu. Ef vel verður að þessu staðið hjá sveitarfélögunum mun þjónustan færast nær notandanum, möguleikar á samhæfingu þjónustusviða og aðlögun þjónustunnar að persónulegum aðstæðum notandans aukast til mikilla muna. Mikilvægt er þó að í öllu ferlinu verði vandað vel til verks og fullt tillit tekið til hagsmuna fatlaðs fólks og því tryggt sömu réttindi um allt land, jafnframt er mikilvægt að réttindagæsla þessara einstaklinga verði aukin verulega.

Mannréttaskrifstofan fagnar því jafnramt að taka eigi mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks við framkvæmd breytinganna, stefnumótunarvinnu og jafnframt við endurskoðun laganna í heild sinni á næstu árum. Mannréttindaskrifstofan vill þó benda á að við endurskoðun laganna skuli það haft í huga að best fer á því að hafa sérlög um réttindi fatlaðs fólks almennt, en ekki að hafa slíkt inni í lögum sem fjalla um ákveðna þjónustupætti.

Mannréttindaskrifstofan vill koma eftirfarandi á framfæri;

1. Yfirfærsla þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga.

Þann 30. mars 2007 undirritaði ríkisstjórn Íslands samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks ásamt valfrjálsri bókun við hann og stefnt er að fullgildingu hans hér á landi. Samningurinn hefur




MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Það markmið að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir meðfæddri göfgi þess. Í samningnum er meðal annars fjallað um skyldu aðildarríkjanna til að hafa eftirlit með starfsemi sem snýr að ákvæðum samningsins og jafnframt skulu ríki mynda rammaáætlun í því skyni að greiða fyrir, vernda og hafa eftirlit með framkvæmd samningsins. Í 3. gr. núgildandi laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 segir að félagsmálaráðuneytið eigi að annast stefnumótun, gerð heildaráætlana og eftirlit með framkvæmd laganna. Málefni fatlaðra einstaklinga hér á landi hafa lengi verið umdeild og háværar raddir hafa heyrst um að þjónusta við fatlað fólk sé ekki sem skyldi. Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis kemur fram að skipulag og stjórnun málaflokksins sé að miklu leyti ábótavant, engin samþykkt heildarstefna liggja fyrir og fjármögnun hafi ekki verið í takt við reglubundið mat eftir þjónustuþörf. Einnig kemur fram að eftirlit með þjónustunni sé verulega takmarkað og að Félags- og tryggingamálaráðuneytið hafi ekki kallað eftir upplýsingum um starfsemi þjónustuaðila frá árinu 2004.

Mannréttindaskrifstofan telur mikilvægt að hafa skýra og ákveðna heildarstefnu sem samþykkt er af stjórnvöldum um það hvernig ber að vinna að málefnum fatlaðra og veita þeim þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Til þess að tryggja skilvirkni og gæði þjónustunnar verður jafnframt að vera virkt eftirlit með starfsemi þjónustuveitenda og nægilegt fjármagn að vera til staðar. Mannréttindaskrifstofan telur að þegar ráðist er í svo stórvirka yfirfærslu á málaflokki sem snýr að grundvallarréttindum fyrir svo stóran hóp fólks þurfi að liggja fyrir ákveðin stefnumörkun um það hvernig þjónustunni skuli vera háttað, hvernig eftirlit eigi að fara fram og hvernig gæði veittrar þjónustu verði metið. Hvorki er hægt að lesa út úr athugasemdum með frumvarpinu né kom það fram í ræðu flutningsmanns þess á þinginu, eða samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna um tilfærslu þjónustu við fatlaða hvort slík stefna liggja fyrir eða hvort sveitarfélögin sjálf hafi myndað sér skýrar stefnu um hvernig þau komi til með að haga þjónustu sinni við fatlað fólk. Því virðist sem slík stefnumótun hafi enn ekki farið fram. Mannréttindaskrifstofan telur að of seint sé að byrja vinnu við stefnumótun eftir að tilfærsla málaflokksins hefur átt sér stað, þeirri vinnu hefði átt að vera lokið áður.

Þjónusta við fatlað fólk á að færast alfarið yfir til sveitarfélaganna frá 1. janúar 2011 en ljóst er að yfirfærsla á svo stórum málaflokki með svo fjölbreytilegum þáttum kemur til með að taka langan tíma í framkvæmd og enn lengri tíma ef ekki hefur verið ákveðin skýr stefna um það með hvaða hætti sveitarfélögin komi til með að veita þjónustuna. Þar sem frá sama tíma á að leggja niður núverandi þjónustuveitur, þ.e. svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra og svæðisráð, er hætta á að þeir 2500 einstaklingar sem þurfa þessa þjónustu til að geta lifað sínu daglega lífi verði fyrir talsverðri skerðingu þar sem að óhjákvæmilega mun skapast einhver óvissa um hvert eigi að leita eftir þjónustunni og hvernig hún verði veitt.

Mannréttindaskrifstofan vill því beina þeim tilmælum til félagsmálanefndar að skoða sérstaklega hvernig stefnumótun sé háttað hjá ríki og sveitarfélögum og hvort að félagsmálaráðuneytið hafi bætt úr ágöllum vegna eftirlits með þjónustu við fatlað fólk, því ef þessu er ábótavant er ljóst að brotið verður á grundvallarmannréttindum þess, samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944,



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öðrum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að svo sem Mannréttinasáttmála Evrópu, á þeim aðlögunartíma sem slík tilfærsla hefur í för með sér.

2. Réttindagæsla fatlaðs fólks.

Mannréttindaskrifstofa telur enn fremur mikilvægt að réttindagæsla fatlaðs fólks verði tryggð og það sem fyrst þar sem við yfirfærsluna verða svæðisráðin felld niður. Áfram verða þó skipaðir trúnaðarmenn en engin ákvæði eru um fjölda þeirra og valdsvið þeirra er að vissu leyti takmarkaðara en áður var þar sem svæðisráðin gátu falið þeim víðtækara hlutverk en eftirlit með fötluðum á heimilum fatlaðra. Mikilvægt er að reglugerð um störf trúnaðarmanna verði sett og birt hið fyrsta.

Mannréttindaskrifstofan telur það réttarbót, í samræmi við ákvæði 12. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, að í 26. gr. frumvarpsins öðlist fatlaðir einstaklingar aðgang að úrskurðarnefnd, sem nú starfar skv. lögum um félagsþjónustu, til að ákvarða um réttindi sín samkvæmt lögum um fatlaða.

Í athugasemdum með frumvarpi þessu segir að ráðast eigi í heildarendurskoðun á lögnum um málefni fatlaðra strax á árinu 2011 en því eigi að ljúka árið 2014. Mannréttindaskrifstofan fagnar því að slík endurskoðun eigi að fara fram á þessum lögum en vill hins vegar vekja athygli á því að meðfram þeirri vinnu séu samin lög sem sérstaklega fjalla um réttindi fatlaðs fólks sem byggja á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öðrum mannréttindasáttmálum sem Ísland er aðili að svo og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2010

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 277 – 246. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur birst til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla. Með frumvarpinu á að fjölga héraðsdómurum um fimm og hæstaréttardómurum um þrjá.

Mannréttindaskrifstofan gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp en vill koma eftirfarandi á framfæri.

Í 70. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að allir eigi rétt á að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Það er grundvallarréttur að slík málsmeðferð taki ekki óhóflega langan tíma og því mikilvægt vegna fyrirsjánlags álags á dómstólana að leita leiða til þess að koma í veg fyrir að málsmeðferð þeirra dragist ekki úr hófi fram. Mannréttindaskrifstofan styður því að dómurum verði fjölgað við dómstóla landsins til þess að tryggja skjóta málsmeðferð á meðan alda dómsmála í kjölfar bankahrunsins gengur yfir.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri